

Fjölbrautaskóli Vesturlands



Námsáætlun DANS1GD – haustönn 2018

Kennari: Gyða Bentsdóttir

Netfang: gydab@fva.is

Námsgögn:

- ÍSLENSK-DÖNSK, DÖNSK-ÍSLENSK VASAORÐABÓK
- ONDSKABEN, skáldsaga eftir Jan Guillou
- Mappa með lausblöðum
- Efni frá kennara

Lýsing:

Í áfanganum er unnið með alla færniþætti tungumálsins: skilning (á skrifuðu og töluðu máli), tjáningu (í samskiptum og frásögn) og ritun, þar sem tekið er mið af A2 í Evrópska tungumálarammanum.

Áhersla er lögð á að nemendur kynnist sem fjölbreytilegustum hliðum dansks samfélags.

Markmið (þekking, leikni, hæfni):

Nemendur skulu hafa aflað sér þekkingar og skilnings á einföldum orðaforða sem tengist nánasta umhverfi þeirra og áhugasviðum. Auk þess skulu nemendur hafa öðlast þekkingu sem auðveldar þeim að átta sig á fjölbreytilegum hliðum dansks samfélags.

Nemendur skulu hafa öðlast leikni í lestri á aðgengilegum rauntextum og bókmenntatextum, sem höfða til ungs fólks; í skilningi á skýru töluðu máli og í að tjá sig munnlega og skriflega um málefni sem þeir þekkja til. Auk þess skulu nemendur hafa öðlast leikni í að notfæra sér helstu hjálpargögn við tungumálanámið og tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð.

Nemendur skulu geta notfært sér leikni sína til að nýta sér helstu upplýsingar aðgengilegra rauntexta og greina aðalatriði bókmenntatexta við hæfi ungs fólks. Nemendur skulu einnig geta hagnýtt sér þekkingu sína og leikni til skilnings á einföldu, daglegu máli; til að geta tekið þátt í samræðum um efni sem þeir þekkja til og notfært sér helstu hjálpargögn við ritun.

Námsmatið er símat og byggir á eftirfarandi þáttum:

- Kannanir - 30%
- Ondskaben - 20%
- Hlustun og munnlegt - 20%
- Minni verkefni - 10%
- Mappa - 10%
- Þátttaka og vinnubrögð - 10%

Til að standast áfangann þarf að ná: 90% mætingu, 90% verkefnaskilum og 4,5 í lokaeinkunn.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur skulu virða skilafrest verkefna. Ekki er hægt að skila verkefni til kennara eftir að aðrir nemendur hafa fengið þau til baka.

Sjúkrapróf eru í boði fyrir þá sem hafa skráð veikindi eða leyfi í INNU. Nemendur skulu hafa samband við kennara við fyrsta tækifæri sé um önnur tilvik að ræða. Ekki er hægt að taka sjúkrapróf eftir að aðrir nemendur hafa fengið prófið til baka.

Tölvur og síma skal einungis nota í tengslum við námið. Brot á þessari reglu hefur áhrif á mat á vinnubrögðum og séu þau ítrekuð getur það samsvarað fjarvist.

Nemendur skulu fá leyfi kennara þurfi þeir að víkja úr kennslustund.

Tími við nám:

Tímasókn 60 klst.

Heimavinna: 50 klst

Alls: 110 klst

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmatsþættir
34	20. – 24. ág	Kynning + Sommer i Danmark	
35	27. – 31. ág	Tema: "Unge i Danmark"	
36	3. – 7. sept	Tema: "Unge i Danmark"	HLUSTUN 1
37	10. – 14. sept	Tema: "Unge i Danmark"	KÖNNUN 1
38	17. – 21. sept	Kortfilm: "Turbo"	
39	24. – 28. sept	Kortfilm: "Turbo"	
40	1. – 5. okt	Kortfilm: "Turbo"	"Turbo": Lokaverkefni MUNNLEGT 1
41	8. – 12. okt	ONDSKABEN – skáldsag	MÖPPUSKIL 1
42	15. – 19. okt	ONDSKABEN – skáldsaga	Miðansrmat 17. okt (Miðannarfrí 18. og 19. okt)
43	22. – 26. okt	ONDSKABEN – skáldsaga	ONDSKABEN: hlutapróf
44	29. okt – 2. nóv	ONDSKABEN – skáldsaga	(Skammhlaup 2. nóv)
45	5. – 9. nóv	ONDSKABEN – skáldsaga	ONDSKABEN: Lokaverkefni/Kvikmyndin
46	12. – 16. nóv	Tema: "Danskernes hverdag"	HLUSTUN 2
47	19. – 23. nóv	Tema: "Danskernes hverdag"	MUNNLEGT 2
48	26. – 30. nóv	Tema: "Danskernes hverdag"	MÖPPUSKIL 2 KÖNNUN 2
49	3. – 7. des	Námsmatsvika: Ákveðið síðar	
50	10. – 14. des	Námsmatsvika: Ákveðið síðar	
51	17. – 21. des		Sjúkrapróf/Prófsýning

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar. Með von um gott samstarf, Gyða